

Riðuveiki breiðist stöðugt út og er að verða umtalsvert vandamál víða um land.

— Viðtal við Sigurð Sigurðarson, dýralækni á Keldum:

Hvers konar sjúkdómur er riðuveikin?

Riðuveiki er lúmskur, langvinnur og kvalafullur smitsjúkdómur og ólæknandi, sem leggst mjög þungt á einstakar ættir sauðfjár. Sjúklegar breytingar finnast í miðtaugakerfi, heila neðantil og aftantil. Þessar breytingar eru óvenjulegar að því leyti að ekki finnast bólgubreytingar heldur hrörnunar eða ellibreytingar. Slíkar breytingar er undarlegt að sjá í ungu fé. Sár og bólur finnast þó í húð þegar kláði fylgir riðu. Þessi sjúkdómur er einn hinna hæggengu því að langur tími liður frá smiti til einkenna, margir mánuðir, oftast meira en ár og stundum mörg ár. Og með veikina ganga kindur margar vikur og stundum líða margir mánuðir frá því að kindin sýnir einkenni (klínísk einkenni) þar til hún deyr eða er orðin ósjálfbjarga. Með góðri hjúkrun má þó lengi halda lífi í riðukindum. Riðuveiki er allt annarsjúkdómur en **Hvanneyrarveiki**, sem sums staðar á landinu hefur verið kölluð riða eða riðuveiki. Orsök Hvanneyrarveiki er skemmt hey og sýklar sem í því lifa. Riðu hefur einnig verið ruglað saman við **Visnu**, sem fylgdi í kjölfar mæðiveikinnar. Orsök visnu var mæðiveira, sem hafði villst í miðtaugakerfið. Koparskortur í unglömbum mun einnig

hafa verið kallaður riða einhvers staðar en algengara nafn er fjöru-skjögur. Riðu er einnig hægt að rugla saman við heilabólur og heilahimnubólur af ýmsum gerðum og holti eða stirðleika í gangi. Kláði og óþrif geta villt um og skyggt á einkenni á frumstigum veikinnar. — Orsök riðuveiki er óvenjulega harðsvírað smitefni af veirukyni.

Hver eru þá einkenni veikinnar á frumstigi?

Þau eru því miður óljós og breytileg eftir landshlutum auk þess sem þau geta verið breytileg innan sama bæjar og milli bæja. Sameiginlegt er þó að kindurnar verða „undarlegar í háttum“ ókyrrar á garða, varar um sig, kvíðnar eða óttaslegnar þegar á að handsama þær og öruggar í hreyfingum. Fiðringur er í húð og stundum kláði alveg frá byrjun. Kláði sést þó alls ekki alls staðar. Hægfara vanþrif þrátt fyrir góða lyst eru alls staðar einnig titringur á haus og víðar um skrokk og seinna skjálfti eftir áreynslu, jafnvel snarast kindin um koll, þegar tekið er í horn á henni. Þar sem kláði er áberandi einkenni frá upphafi eins og raunin er víðast hvar austanlands sést snemma að kindin stendur við stoð eða vegg eða úti við staura og moldarbörð og nuddar sér í sífellu. Þá eru nudd-



Sigurður Sigurðarson

aðir blettir eða þófin ull, stundum hárlausir og særðir blettir. Kindin gnístir tönnum, óeðlilegt nasarennisli og munnvatnsrennisli sést. Nefnd hafa verið gönuhlaup eða hálfgerð æði í kindum sem styggð kemur að. Yngsta kind sem riða hefur fundist í hér á landi er lamb í febrúar. Venjulegasti aldur er 2–4 ár. Glögg lýsing er á einkennum riðuveiki í yfirlitsgrein eftir Pál A. Pálsson yfirdýralækni í Frey sept. 1978. Þar er einnig að finna reglugerð um varnir gegn veikinni. Í Handbók bænda 1979 er einnig lýsing á veikinni eðli og afleiðingum. Þessar greinar ættu menn að lesa. Þeir sem þess óska geta að sjálfsögðu fengið senda lýsingu á einkennum veikinnar. Aðal atriði er að gera sér vel ljós

helstu einkenni og taka alvarlega grun um riðuveiki í hvert skipti sem grunur vaknar. Því miður eru mörg dæmi um það að riða hafi borist til nýs staðar og festst í sessi vegna aðgæsluleysis manna í þessum efnum.

Hvaða tjóni veldur riðuveiki?

Ekkert öruggt yfirlit er til fyrir landið, en víða verða einstaklingar fyrir miklu tjóni. Áætlað hefur verið, að riðubær þar sem verulegt tjón verður séu yfir 150 á öllu landinu. Þess eru nokkur dæmi að menn missi um 30% af fé sínu veturgömlu og eldra á einu ári. Algengt er að menn missi 10%, jafnvel ár eftir ár. Veikin getur líka legið niðri um árabíl og blossað svo aftur upp. Oft verður þetta, þegar menn kaupa að fé.

Eru þess dæmi að kindum geti batnað riðuveiki?

Ekki er það talið, en einkenni geta horfið um stund ef aðbúð batnar og veikin er í byrjun. Annars er erfitt að fullyrða nokkuð um þetta, þar sem greining fæst varla fyrr en kindin er dauð við skoðun á heila.

Hvar hefur riðuveiki síðast fundist á nýjum svæðum?

Hún fannst s. l. vetur í Biskups-tungum en s. l. vor í Jökulsárhlíð, N-Múl.

Í hættu fyrir riðusmiti frá Jökulsárhlíð er allt Norð-Austurland. Þar er sama uppi á teningnum og þegar ákvörðun var tekin um lögun alls fjár á Brú á Jökuldal fyrir tveimur árum.

Í hættu fyrir riðusmiti frá Biskupstungum og Laugardal er mest allt Suðurland.

Auk þessara staða hefur riðuveiki fundist í mörgu fé á þekktum riðubæjum og á nýjum bæjum á eldri riðusvæðunum.

Hvar er ekki riðuveiki?

„Það er best að átta sig á því á kortinu yfir útbreiðslu riðuveiki. Annars er ekki allt sem sýnist í þeim efnum.

Þess má vænta, að riðuveiki sé víðar en þar sem hún hefur verið staðfest nú. Einkennin eru breytileg nokkuð og veikin hagar sér misjafnlega frá einu svæði til annars. Þess eru dæmi að ein og ein kind veikist og drepist úr riðuveiki með löngu millibili. Þar sem ekki er hirt um að kanna úr hverju vanþrifakindur fara getur þessi veiki dulist býsna lengi. Þetta er vitanlega stórhættulegt gáleysi. Þar sem ekki hefur verið „von á“ riðuveiki hafa menn með bestu samvisku grafið uppdráttarskjátur eða það sem er ennþá verra, látið þær liggja úti um haga og jafnvel við hús fyrir hræfuglum, hundum, rottum og músum í hugsunarleysi eða þeirri góðu trú, að þetta hafi nú verið eitthvað sára saklaust, elli eða gaddur eða annað venjulegt, sem ekki taki að athuga.

Sem betur fer fækkar þeim sem svona hugsa en þeir eru of margir til ennþá, sem eru kærulausir fram úr hófi í þessum efnum. Þannig er kæruleysið orsök smitdreifingar. Menn hafa allt of víða horft sljóum augum á riðuveiki mánuðum saman, jafnvel árum saman, án þess að átta sig á því hvað var á seyði. Sums staðar hafa menn keppt við að baða fé hvað eftir annað en féð hefur drepist úr riðuveiki engu síður. Kláði er áberandi einkenni riðuveiki sums staðar, annars staðar ekki. Menn hafa þá haldið að þeir ættu í höggi við fjárkláða.

Það er vissast að búast við riðuveikinni hvar sem er á landinu og láta enga grunsamlega kind órannsakaða. Hausinn þurfum við að fá til rannsóknar ófrosinn á fyrsta eða öðrum degi eftir að kindinni er lógað og það þarf að

taka fram að rannsaka eigi heilann. Við riðuveiki finnast ekki sjúklegar breytingar annars staðar en í heila. Öruggst er að hafa samband við dýralækni og láta hann svæfa kindina. Ekki er allt riðuveiki, sem veldur uppdrætti, því er vænlegast til árangurs að senda öll innflyi úr uppdráttarkindum til rannsóknar auk haussins og alltaf ætti að fylgja greinargerð með stuttri lýsingu á einkennum sjúkdómsins o. fl. Sé rökstuddur grunur um riðuveiki á nýjum stað eiga menn rétt á bótum fyrir kindur sem lógað er í rannsóknarskyni. Í rauninni ætti að greiða mönnum verðlaun fyrir að finna slíkar kindur á nýjum stöðum.“

Á hvaða svæðum hefur riðuveikin verið staðfest?

„Hér er enn best að átta sig á kortinu.


Hún er frá fornu fari þekkt á **Norðurlandi**, á svæðinu frá Vatnsdal til Eyjafjarðar. Sagt er að hún hafi borist til þessa svæðis fyrir einum 100 árum með innfluttum hrútum. Hún fannst á **Vestfjörðum**, nánar tiltekið á Barðaströnd í fyrsta sinn fyrir rúmum aldarfjórðungi, e. t. v. vegna flutnings á forustufé. Mest hefur útbreiðslan orðið síðustu 10 árin. Sú útbreiðsla hefur orðið bæði innan gömlu riðusvæðanna, sem nefnd hafa verið, en meiri þó á sífellt nýjum og nýjum svæðum með óþekktum smitleiðum að mestu leyti.

Á **Austurlandi** frá Jökulsárhlíð til Berufjarðar.

Í **Skjálfandahólfi** frá Kelduhverfi og Mývatnssveit til Tjörness, Húsavíkur, Aðaldals og Reykjahverfis (e. t. v. byrjaði riðan á Húsavík).


Til **Vestur-Húnavatnssýslu** til **Dalasýslu**, til **Mýrasýslu** til **Akranness**.

Um **Landnám Ingólfs** frá Reykjavík og nágrenni til Kópa-



Ríðuveiki okt. '80

||||| svæði
 • hjardir
 --- varnarlinur
 ○ lögadöllu fe



GRÆNLANDSSU

GRÆNLANDSHAF

ATLANTSHAF, (ÍSLANDSHAF)

vogs, Vatnsleysustrandar, Ölfuss, Hveragerðis, Grafnings og nú síðast:

Um **uppsveitir Árnessýslu**. Biskupstungur og Laugardal.

Útbreiðslan er hraðvaxandi sýnist okkur.“

Gætirðu gefið lesendum svolítið yfirlit um ástandið á hverju svæði?

Austurland:

„Á Austurlandi hefur riðuveikin náð mikilli útbreiðslu á fáum árum og valdið óhemju tjóni. Hún mun hafa fundist fyrst á **Borgarfirði eystra** um 1969 og er nú, 10 árum síðar, komin um alla þá sveit að heita má. Aðeins bóndinn á Borg í Njarðvík hefur sloppið framtil þessa vegna einangrunar frá aðalriðusvæðinu og svo örfáir fjáreigendur í þéttbýlinu á Borgarfirði. Á rúmlega hálfu öðru ári, sem skipulegt eftirlit var í gangi, var lógað nálega 450 fjár með riðueinkennum úr þessari einu sveit, þar sem fjárfjöldi var ekki meiri en 4.500 sl. vetur en 5.600 veturinn áður. Það mega

Borgfirðingar eiga, að þátttaka þeirra í eftirlitinu með riðuveikinni hefur verið til fyrirmyndar.

Sama ár og veikin kom fyrst fram á Borgarfirði eystra, en seinna á árinu, fannst hún á **Norðfirði** að talið er. Þaðan er sömu sögu að segja. Ekki liða nema 10 ár þar til veikin er komin um alla sveitina og til margra fjáreigenda í **Neskaupstað**. Tjón hefur verið gríðarlega mikið á nokkrum bæjum. Enginn virðist vita hvernig veikin barst til Austfjarða. Ekkert samband hefur fundist milli riðuveikinnar á Borgarfirði og riðuveikinnar á Norðfirði.

Frá Borgarfirði mun veikin líklega hafa borist suður á **Breiðdal**. Þar er eða hefur verið hröð útbreiðsla og verulegt tjón á nokkrum bæjum. Frá Norðfirði er líklegt að riðuveikin hafi borist suður í **Fáskrúðsfjarðarhreppi**. Þar hefur hún fundist á nokkrum bæjum en ekki náð sér á strik nema á einum bæ. Á þeim bæ var öllu fé lógað 1978 og fjárbúskap hætt. Frá Norðfirði mun veikin líklega hafa


borist til **Mjóafjarðar** en þar hefur hún fundist á einum bæ. Þar var nær öllu fé lógað í haust.

Veikin hefur fundist á einum bæ í **Berufjarðarbotni**. Þangað hefur hún náð syðst enn sem komið er. Hún fannst þar í hrút, sem keyptur var frá Brú á **Jökuldal** lambshaustið 1976, tveimur árum áður en riðuveiki fannst þar. Tjón hefur ekki orðið enn, enda veikin fyrst staðfest 1979. Á það fer að reyna, hvort viðnámsaðgerðir þar bera árangur. Lóga átti öllu undan þessum hrút og því sem var í nánastri snertingu við hann veikan, fækka átti því fé, sem gengið hefur suður í Hamarsdal og draga úr samgangi í heimahögum.

Hætt er við að þessi hrútur hafi skilið eftir sig smit. Síðla árs 1979 fannst riðuveiki á stóru fjárbýli í **Eiðahringhá**. Þar var einnig um að ræða kaupakind frá riðubæ.

Hér er alvarleg ábending til þeirra, sem ennþá kunna að eiga kindur frá riðubæjum eða riðusvæðum að losa sig við þær sem fyrst. Það er engin trygging gegn riðuveiki í aðkeyptum kindum, þótt langt sé liðið frá því að keypt var. Fyrstu kindur, sem veikjast á nýjum bæjum eru einmitt oft fullorðnar kindur, aðkeyptar.

Bæir og sveitir uppi á Héraði eru í aukinni hættu með þessari uppkomu riðuveikinnar í Eiðahreppi. Áður hafði veikin fundist á einum bæ í **Hjaltastaðahringhá**, en þar var öllu fé lógað og bóndi aðstodaður við að breyta yfir í kúabúskap til að bægja hættunni frá Héraði. Bændur á Héraði munu þurfa að standa vel á verði. Til dæmis nær engri átt að setja á kindur, sem hýstar hafa verið á riðubæjum niðri á fjörðum eða verið í bland við sjúkt fé í þrengslum. Flutningar á fé til lífs hafa átt sér stað af ósýktum svæðum til sýktra. Það sýnist sumum vera í lagi en felur þó í sér þá hættu



Riðukind, nudduð og særð á hlið. (ljósm. Sig. Sigurðars.)

að féð skili sér í heimahaga aftur dragandi með sér smithættu til ósýkta svæðisins. Gegn slíkri fásinnu verða menn að standa ef þeir vilja verja sína hjörð og sína sveit.“

Hefur verið leyft að taka fé að Brú á Jökuldal að nýju?

„Já í haust voru fengin þangað fjárskiptalömb af ósýktu svæði, þ. e. Örafum, eftir tveggja ára fjárleysi. Riðuveiki kom í ljós á Brú snemma árs 1978 og var farið að veikjast talsvert margt fé af riðuveiki um haustið. Þá var öllu fénu lógað á báðum heimilunum á Brú, húsín hreinsuð og síðar sótthreinsuð mjög vandlega. Jöfnuð voru við jörðu gömul hús, sem ekki var unnt að sótthreinsa tryggilega og á öðru býlinu var byrjað með algjörlega ný hús. Öllum tækjum, útbúnaði og efni, sem hugsanlega hafði komið í snertingu við sauðfé eða mengast einhverju frá því sauðfé, sem var á Brú, var fleygt, ef ekki var unnt að sótthreinsa það tryggilega. Vonandi verða þessar aðgerðir til að hreinsa Brú og tefja svo útbreiðslu riðuveikinnar til Norð-Austurlands.

Svo fannst riðuveiki í Jökulsárhlíðinni.

„Já, hún fannst s. l. vor á einu býli af fjórum á Hrafnabjörgum. Rétt þótti að kanna í vetur eftir föngum hvort líkindi væru til þess að riðuveiki leyndist víðar í hólfinu og var niðurskurði á Hrafnabjargafé frestað til næsta hausts.

Ákvörðun og framkvæmd er vandasöm, hvað sem gert verður, og höfða verður til varnarvilja heimamanna fyrst og fremst. Ekki dugar annað en vaka vel heima fyrir. Það veltur á þátttöku og áhuga heimamanna hversu haldgóðar varnaraðgerðirnar verða. Eitt verður yfir alla að ganga í

Riðukind, nudduð að aftan, ullin úfin (ljósm. Sig. Sigurðarson)



sama varnarhólfinu. Það dugar t. d. ekki að sofna á Jökuldal, þótt hreinsað hafi verið til á Brú.

Hvergi virðist brýnna að vera vel á verði en einmitt austanlands. Margt bendir til þess að riðuveikin á Austurlandi sé öðruvísi en áður þekktist hérlandis. Kláðinn sem fylgir sjúkdóminum þar er mun meira áberandi í upphafi, dreifingin hraðari og tjónið stórfelldara en annars staðar þekktist.“

Hvernig stendur á því að riðuveikin er illvígari á Austurlandi en annars staðar?

„Ekki er hægt að fullyrða neitt um það að svo komnu. Þess hefur verið getið til, að á Austurlandi sé í gangi annars konar smitefni eða annar stofn af riðusmiti en þekktur er á Norðurlandi og víða á Íslandi, smitið á Austurlandi hafi borist frá útlöndum beint en ekki frá riðusvæðum á Íslandi. Það hafi borist með maur á fuglum, innfluttum fódurbæti eða á annan hátt. Önnur skýringartilraun er sú að austfirskt fé sé næmara fyrir veikinni en fé af

vestfirskum uppruna, sem dreift var víða um land í kjölfar fjárskiptanna. Á Austurlandi fóru aldrei fram fjárskipti vegna þess að þangað barst aldrei mæðiveikin. Þar er gamli fjárstofninn ennþá.

Og kenningarnar eru fleiri, meðal þeirra er sú, að fjölgað hafi verið einstaklega næmum fjárstofnum á þeim árum sem mikill áhugi var meðal bænda á því að rækta grátt fé. Þetta virðist geta skýrt að hluta til næmi fjár á Borgarfirði eystra og víðar fyrir riðuveiki. Þessi ættgengismál eru til athugunar á Keldum og víðar. Ef til vill mætti setja hér fram viðvörun til þeirra sem vilja fjölga lokkaþróðu gráu fé. Rétt er að vara við öllu flani hvað sem öðru líður.

Ekki verður nágsamlega undirstrikað, hve mikið ógagn vanhugsuð og óleyfileg fjárkaup og aðrir flutningar á fé til lífs (hrútar, leigu- og lánsfé, fódrafé o. s. frv.) milli svæða hafa leitt yfir saklaust fólk, sem átt hefur heilbriggt fé. Er nú komið mál til að kaupahéðnar og braskarar stillist og fari að lögum og hlýði ráðum gættinna manna.“



Enn eru til svæði ósýkt af riðuveiki og öðrum illvígum sauðffjárjúkdómum. Ometanlegt er að eiga þau. Myndin er frá Reykhólum. (ljósm. Sig. Sigurðarson)

Hvað er að segja af riðuveikinni á Nordurlandi?

„Í **Mývatnssveit** fannst riðuveiki á nýjum bæ í haust. Áður hafði veikin verið staðfest á tveimur bæjum í sama hlaði í sveitinni. Samgangur við fé þaðan hafði verið takmarkaður austur á við með ristarliði við vatnsfall. Fátt fé var á hinum nýja bæ og var því öllu fargað í haust. Veikin helst við á hinum bæjunum tveimur og veldur árlega nokkru tjóni. Eftir sem áður er samgangur frá hinum sýktu bæjum frjáls til vesturs við fé úr Reykjadal. Þá hefur veikin fundist á nýjum bæjum í **Aðaldal** og **Reykjahverfi** að ógleymdu **Kelduhverfi**. Hún er í gangi á **Husavík** og á **Tjörnesi**. Í þessu varnarhólfi (Skjálfandahólfi) hefur því riðuveikin náð mikilli útbreiðslu á skömmum tíma líkt og gerst hefur austanlands. Ef til vill er ástæða til að huga að nýju að vörnunum við Skjálfanda.

Ef til vill hefur Fljótið meira vörslugildi en talið hefur verið um

skeið ef vilji er nægur. Þetta þyrftu heimamenn að íhuga og kanna. Riðuveikin í þessu hólfi er farin að ógna N-Austurlandi. Athuga þarf hvernig helst verða styrktar varnirnar. Ógætlegt er, eins og bent hefur verið á, að lóga fullorðnu fé úr Kelduhverfi á Kópaskeri. Vilji menn efla varnirnar þarna, er þetta eitt af mikilvægustu málunum. Þannig sækir riðuveikin að N-Austurlandi úr tveimur áttum og er ömurlegt til þess að vita, ef hún á eftir að festa rætur í þeim landshluta þar sem undirstaða góðrar lífsafkomu er heilbrigt sauðfé.“

Er riðuveiki á öllu svæðinu frá Vatsdal og austur fyrir Eyjafjörð?

„Það er erfitt að fullyrða um það hvar hún er og hvar ekki á því svæði, en svo mikið er víst að hún hefur ekki verið staðfest í mörgum hreppum á þessu svæði. Hins vegar hafa menn verið býsna ógætnir við flutninga á fé til lífs. Síðast í haust var verið að flytja fé langt til austur

yfir Eyjafjörð, fullorðið fé. Þetta er vitanlega hin mesta fásinna. Ekkert er líklegra til að stuðla að flakki fjár en tilflutningar á fullorðnu fé milli upprekstrararsvæða eða sumarlanda. Með flakkinu eykst smithættan. Í mörgum tilfellum er sala á fullorðnum ám ómannúðlegt framferði, sem ætti að varða við dýravirndunarlæg.

Riðuveiki var vel þekkt við Eyjafjörð, fannst á Svalbarðsströnd, einum bæ. Þar var öllu fé lógað vegna þessarar veiki en ekki vitað til að hún hafi komið í nýtt fé. Frammi í firði fannst hún víða og var mjög skæð á stöku bæ. Lítið hefur borið á veikinni eða ekki um nokkurt skeið. Hvað það þýðir er ekki gott að túlka.

Í **Árskógshreppi** og **Svarfaðardal** vestan ár og á **Dalvík** hefur veikin gert usla um langt skeið, þó minna síðustu árin á Árskógströnd. Í haust fannst svo riða í fyrsta sinn í Skíðadal. Áður hafði veikin fundist á einum bæ austan

ár. Var það fyrir 3 árum neðst í dalnum. Líklegt þykir, að veikin sé í neðanverðum Ólafsfirði en ekki hafa veruleg brögd verið að henni þar, því að riða hefur ekki verið greind svo kunnugt sé í kind í Ólafsfirði. Riðuveiki hefur þó komið fram í kindum, sem seldar hafa verið úr framanverðum Ólafsfirði til annarra sveita.

Þá hefur riðuveiki fundist á **Siglufirði** og í **Fljótum** í Holts- hreppi. Hún hefur fundist á fáum bæjum í **Hofshreppi**, en haldist við á einum bæ þannig að verulegt tjón sé að. Hún hefur verið mjög skæð á einum bæ í **Hólahreppi** um langt skeið. Riðuveikin hefur einnig fundist á fáum bæjum í Viðvíkur- sveit og valdið þar talsverðum usla einkum þó á einum bæ þar.

Í **Akrahreppi** hefur veikin fundist á einum bæ svo kunnugt sé á seinni árum. Talið er að veikin hafi borist með aðkeyptu fé úr Ólafsfirði. Bóndinn tók þá ákvörðun að lóga öllu fé sínu fljótlega eftir að veikin kom upp; jafnframt eyddi hann gömlum húsum og byggði ný ótilkvaddur og víst án sérstakrar aðstoðar hins opinbera. Nú hefur hann fengið sér fé að nýju eftir nokkurra ára fjárleysi. Féð fékk hann frá grannbæ að þessu sinni. Forvitni- legt verður að fylgjast með því hvernig til tekst. Í svona tilraunum skiptir vitanlega mestu máli að vel takist til um heilbrigði nýja fjárins. Á því hafa menn brennt sig.

Vestan vatna í Skagafirði bar lítið á veikinni þar til hún gaus upp í **Seyluhreppi** fyrir fáum árum. Út- breiðsla í Seyluhreppi minnir á það sem gerst hefur austanlands. Veikin hefur nú fundist þar á 11 bæjum og veldur miklu tjóni sums staðar. Á fyrsta bænum sem veikin var staðfest, lógaði bóndi öllu fé sínu fyrir 5 árum og tók fé aftur í húsin sama haust. Hann hreinsaði húsin vel. Riðuveikin hefur ekki

látið á sér kræla þar ennþá, en full- orðið fé sem hann fékk að hefur verið að koma fyrir á ólíklegustu stöðum síðan. Í **Skarðshreppi** fannst veikin fyrir löngu á tveimur bæjum (20 ár) en ekki hefur hún fundist á Skaga svo vitað sé. Hins vegar fannst hún í **Rípurhreppi** fyrir 15 árum eða svo. Skömmu síðar var lógað þar öllu fé vegna garnaveikinnar. Eftir það hefur riðuveiki ekki orðið vart í Rípur- hreppi svo kunnugt hafi orðið. Í **Staðarhreppi** fannst riðuveiki á byrjunarstigi fyrir 2 árum á einum bæ. Öllu fénu var lógað þar að ákvörðun bóndans og án bóta og hefur verið fjárlaust síðan á þeim bæ. Ekki er grunlaust um að veikin leynist þar enn á einum bæ.

Í **Austur-Húnavatnssýslu** hefur riðuveikin verið þekkt lengi, eink- um í **Vatnsdal**. Hennar hefur einnig orðið vart í **Svinavatns-** og **Sveinsstaðahreppum**. Dreifingin hefur verið mjög hæg en tjón verulegt á stöku bæjum. Aðeins hefur riðuveikinnar orðið vart í **Torfalækjarhreppi** og nú er farið að bera á riðuveiki í **Vindhæl- ishreppi** austan Blöndu og verið staðfest þar á einum 3 bæjum.

Í **Vestur-Húnavatnssýslu** hefur riðuveikin borist nýlega. Það var að Breiðabólstað í Vesturhópi árið 1978. Á þessum bæ hefur tjón af völdum riðunnar orðið nokkurt nú þegar. Fé mun ekki hafa verið flutt þangað af riðusvæðunum í austursýslunni en hey var flutt af landi þar sem riðusjúkt fé hafði gengið. Ekki er víst að öll kurl séu komin til grafar í sambandi við sölu á heyi og túnþökum af sýktum svæðum til ósýktra. Æskilegt væri fyrir V-Húnavetninga og aðra, sem búa í lítið sýktum eða ósýktum sveitum að taka höndum saman um varnir síns svæðis.

Vestfirðir:

Á Vestfjörðum var veikin staðfest

skömmu eftir fjárskiptin. Það var á Barðaströnd. Ekki er vitað hvernig veikin barst. Talað hefur verið um kaup á forustufé úr Eyjafirði, en alla staðfestingu vantar á því að sú sé orsök. Veikin hefur farið mjög hægt yfir í líkingu við það sem gerðist víða á Norðurlandi og hefur ekki náð að breiðast um hálfan hreppinn á ald- arfjórðungi rúmunum. Á Barða- strönd sést ekki kláði í riðukindum og er það eins og algengast er á Norðurlandi vestanverðu. Tjón hefur verið mjög tilfinnanlegt á einum bæ aðallega um langt skeið en veikinnar hefur orðið vart að marki á fleiri bæjum í sveitinni utanverðri. Síðastliðið haust var eytt nokkrum hjörðum þar sem riða hafði verið skæð. Nauðsynlegt væri að hreinsa vel til og sótt- hreinsa undir eftirliti dýralæknis húsin á þessum bæjum áður en fjárbúskapur yrði tekin upp að nýju á þessum jörðum.

Nauðsynlegt væri að ljúka gerð reglugerða um fjallskil fyrir svæðið og fella í hana orð um varnir svæð- isins þannig að flestir gætu við unað. Mað því móti mætti e. t. v. koma betra skipulagi á smalanir og fjallskil þar sem kapp og reip- dráttur hefur á stundum ráðið ferðinni. Nauðsynleg er fyrir alla aðila góð samvinna milli sveitar- félaga um fjallskil og varnarmál.

Dalasýsla:

Í **Dalasýslu** fannst riðuveiki snemma árs 1979. Það var á einum bæ í **Laxárdalshólfi** í nyrðra varn- arhólfinu. Á þessum bæ hafði féð verið mikið til einangrað í 12–15 ár. Því kom mjög á óvart að riðu- veiki skyldi koma upp þar. Ekki er vitað hvernig veikin barst þangað. Þar náði riðuveikin sér ekki á strik. Öllu fé var lógað um haustið og hefur ekki neinn grunur vaknað um riðuveiki víðar á því svæði.

Við lógum fjárins var safnað

heilum allra fullorðinna kinda. Rannsókn á þeim leiddi í ljós að 10% af því sem skoðað var sýndi grunsamlegar byrjunarbreytingar riðuveiki (alls 9 kindur grunsamlegar). Því má ætla, að riðuveiki kynni að hafa orðið skæð á þessum bæ. Ef til vill má álykta sem svo að þetta bendi frekar til aðvífandi smits nýlegs fremur en smits sem hefði legið þar í landi. Hvað sem því líður, er nauðsynlegt að fylgjast vel með heilsufari fjárens í þessu varnarhólfi næstu árin.

Mýrasýsla:

Í Mýrasýslu fannst riðuveiki um nokkurt skeið eftir fjárskiptin og olli talsverðum vanhöldum. Þetta var í Fornahvammi. Veikin hafði borist með fjárskiptalömbum norðan úr Vatnsdal. Engan grundaði þá, að veikin lifði af fjárskiptin. Fénu mun hafa verið eytt flestu á endanum og riðuveikin hvarf. Mikil mildi má teljast að hún breiddist ekki út frá Fornahvammi.

Akranes og Borgarfjarðarhólf syðra:

Á Akranesi kom riðuveikin upp hjá tveimur fjáreigendum nokkru eftir fjárskiptin (1958). Síðan barst hún frá þeim hjörðum á einn bæ í Innri-Akraneshreppi. Ógætni hefur verið með fjársölur frá þessum hjörðum og hafa verið gerðar ráðstafanir til að selda fénu verði eytt. Eitthvað fór af fé frá þessum riðuhjörðum upp í Svínadal og væri þörf á því að hreinsa burtu alla hættu hér. Ekki hefur orðið vart við riðuveiki í þessum hjörðum um nokkurra ára skeið og verður eftir tiltekið með þeim frá því sem verið hefur í samvinnu við fjáreigendur.

Landnám Ingólfs:

Í Reykjavík og nágrenni var riðuveiki um skeið og fór sífellt fjölgandi sýktum hjörðum. Tjónið var ekki mikið, enda hjarðirnar flestar litlar. Dreifing varð fyrst og fremst með sölufénaði og öðrum fjárflutningum til Kópavogs,

Vatnsleysustrandar, Ölfushrepps, Hveragerðis og Grafnings. Hafið var viðnám gegn riðuveiki á svæðinu 1978 og lógað öllu fé á sýktum stöðum. Við bættust 3 hjarðir 1979 og var þeim einnig lógað. Haft var fjárlaus 1—2 ár, gagnger hreinsun og sóttgreinsun á húsum, útbúnaði o. fl. í nánasta umhverfi fjárens í sýktum húsum. Enginn grunur hefur vaknað nú í haust um riðuveiki á þessu svæði. Í Grafningi er hjörð, sem riðuveiki hefur fundist í. Land jarðarinnar er afgirt og fylgst er með fénu. Ótekin er endanleg ákvörðun um afdrif þessarar hjarðar.

Uppsveitir Árnessýslu:

Laugardalur og Hlíðarbær í Biskupstungum. Hérna fannst veikin snemma s. l. vetur. Við fjárskoðun fundust sýktar kindur á nýjum bæjum og alls urðu hjarðirnar sem riðukindur fundust í sex að tölu.

Ekki er vitað hvernig veikin barst þangað en hún gæti hafa komið vestan úr Landnámshólfi



Innrekstur í Biskupstungnaréttir. Riðan er nýkomin upp í Biskupstungum og ógnar Suðurlandi. (ljósm. Sig. Sigurðarson)

yfir Sog eða Þjóðgarð eða norðan úr Húnavatnssýslu við samgang fjár á Kili. Kind, sem kom fram við fjárskoðunina, að líkindum misdregin norðan úr landi, var svo illa mörkuð að hæpið er að nokkur hefði viljað gangast við handarverki sínu (mörkuninni). Hún var að sjálfsögðu ekki litarmerkt heldur. Þessi kind var aðfram komin af veikindum en reyndist þó ekki riðuveik. Þetta gefur bendingu þess efnis að seint verði of varlega farið við sundurdrátt á fé eftir mörkum í réttum (töfludrátt). Vegna sammerkinga og námerkinga milli aðliggjandi landsvæða hafa Sauðfjárveikivarnir hvatt eindregið til litarmerkinga á afréttarfé og fé sem gengur nálægt varnarlinum í byggð. Því miður hafa margir bændur ekki áttað sig ennþá á hagræðingu við merkingar og hafa með tömlætinu unnið sjálfum sér ógagn og nágrönnum úr næstu varnarhólfum hafa þeir steypt í hættu þegar ólitarmerkt fé þeirra fer yfir varnarlinur.“

Hvað er vitað um smitleiðir?

Það er vitað að algengast er smit frá foreldrum til afkvæmis. Við náinn og langvinnan samgang, í þröngum beitarhólfum og þó einkum á húsi þegar fóðrað er saman og brynnt úr sama íláti heilbrigðu fé og sýktu eða smituðu. Það hefur komið í ljós að smithætta er langmest á sauðburði. Smitefnið er í stórum stíl í legvatni og hildum. Allir flutningar á sauðfé til lífs milli hjarda og svæða eru til ópurftar. Takmarka þarf sem mest allar samvistir fjár af grunsamlegum og sýktum stöðum með fé frá ósýktum stöðum.

Sýnt hefur verið fram á að óbeint smit á sér stað einnig. Hvað eina, sem mengast hefur saur eða þvagi, legvatni, blóði, munnvatni

eða öðrum vessum sauðkinda á grunuðum eða sýktum stöðum er hættulegt á ósýktum stöðum. Hey og túnþökur af blettum þar sem smitað eða sjúkt fé hefur gengið getur lengi borið hættuna í sér. Menn, sem vinna í sláturhúsum, menn sem fara bæ frá bæ um gripahús eða handleika oft riðusjúkan fénað, geta hugsanlega borið smitefni milli staða á höndum, hlífðarfötum og skófatnaði, en hægt er að girða fyrir hættuna eða að minnsta kosti draga verulega úr henni með fataskiptum eða með því að nota hentugan klæðnað sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa.“

Er ekki riðuveiran svo harðsvíruð að hún þoli öll sótthreinsiefni?

„Hún er óvenjulega lífseig, þolir t. d. suðu í hálfa klukkustund er sagt og flest hin nýrri sótthreinsiefni. En gömlu sótthreinsiefnin, klór-sambönd, jöðsambönd og lútur eru þó talin vinna á riðu ef þvegið er vandlega á undan sótthreinsuninni. Það er því hentugt að nota efni sem þvær og sótthreinsar um leið. Slík efni eru víða orðin í notkun m. a. í flestum sláturhúsum. Þau fást orðið hjá kaupmönnum og kaupfélögum úti á landi, í þægilegum pakkningum og í upplausn, sem blanda má út í þvottavatn fyrir hendur, hlífðarföt og stígvél. Hlífðarfötin þurfa að vera vatnsheld eða hrinda vel frá

sér vatni. Punnur, lipur og ódýr klæðnaður, sem hentar vel til þess arna, er framleiddur hér á landi. Hentugt er að hafa með sér fat, sem hægt er að stíga ofan í og bursta sem hægt er að nota við að bursta hendur, hlífðarföt og stígvél. Óhreinindin geta loðað býsna fast við stígvélasóla, því getur verið hagræði að því og sparað stígvélaþvott við skemmri heimsóknir að hafa tiltæka hæfilega stóra og sterka plastpoka utan yfir stígvél.“

Hver vegna heldur veikin áfram að breiðast út? Hefur viðnámið ekki dugað?

„Já, því miður heldur riðuveikin áfram að breiðast út til nýrra bæja og nýrra svæða. Veikin er svo lúmsk og hefur svo langan aðdraganda, að ekki er von til að viðnámsaðgerðir þær sem upp hafa verið teknar séu enn farnar að skila árangri.

En til þess að viðnámsaðgerðirnar geti komið að gagni þarf til að koma víðtæk samstaða og þátttaka meðal fjáreigenda, sem sveitarsjórnir, búnaðarfélög og fjárræktarfélög verða að skapa og standa að. Ef samstaða verður næg og sterk um það að verjast veikinni má búast við að unnt verði að hægja á og jafnvel stöðva útbreiðslu hennar. Riðuveikin er ekki bráðsmitandi. Það gefur þeim bjartsýnni svolitla von.

Altalað á kaffistofunni

Í lofti matsalarins í nýja skólahúsi Bændaskólans á Hvanneyri eru trérimlar, sem sérunnir voru fyrir bygginguna erlendis. Sagt er að Halldór Pálsson, fyrrv. búnaðarmálastjóri hafi haft á orði þegar

hann sá þessa rimla í fyrsta sinn, að þarna hefðu Hvanneyringar misst skynjunina fyrir þyngdarafllinu, þegar þeir settu fjárhúsgrindur upp í loft.